

Fundur - 5.mars 2004

Ár 2004 5.mars kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 16:08. Einnig mætt Sveinn Ragnarsson og Áslaug Guttormsdóttir.

MENNTAMÁL:

1) Skólastarfið, hvað er á döfinni. Áslaug skólastjóri greindi frá því að skólastarfið gengi vel. Það helsta sem hefur verið að gerast er skólamót UDN 24.febrúar, Öskudagsskemmtun 25.febrúar og stóra upplestrarkeppnin (forkeppni) þann 26.febrúar. Einnig þátttaka í "Tónlist fyrir alla" í Búðardal 2. mars. Í næstu viku verður þemavika sem ber yfirskriftina "Hreyfing eflir hugann." Einnig er unnið að sjálfsmati skólans.

2) Kennararáðningar. Vitað er um eina væntanlega uppsögn. Athuga þarf framhaldið. Skólastjóri sagðist gera sér vonir um að aðrir kennarar héldu áfram. Auglýsa þarf stöður sem réttindakennarar hafa ekki gegnt. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á kennslufyrirkomulagi næsta vetur. Hugmyndir eru uppi um að koma á þriggja anna kerfi til reynslu. Skólastjóra og sveitarstjóra falið að undirbúa að auglýsa eftir kennurum þar sem það þarf.

3) Viðhald úti og inni. Bílastæði vestan við húsið er lokað vegna ófærðar og þarfnast viðgerðar. Loka þarf gati í sal á tengibyggingu og laka þak þannig að ekki leki inn þegar rignir og eyðileggi nýjan gólfduk. Skipta þarf um duk í handmenntastofu og framan við og í setustofu. Ef þarf að forgangsraða dúklagningu er betra að geyma handmenntastofuna. Keypt hafa verið borð og stólar í handmenntastofu á kr. 202.000,- Setja þarf upp hillur í smíðastofu og fleira smálegt. Athuga þarf með leiktæki úti fyrir sumarið. Rætt hefur verið við forsvarsmann Hólabæjar sem er opinn fyrir samnýtingu á leikskólalóð. Laga þarf fótboltavöll. Rætt um fæðisgjald í skóla. Talið æskilegra að koma á föstu fæðisgjaldi mánaðarlega næsta vetur óháð mætingu nemenda.

4) Sumarútleiga Reykhólaskóla. Sveitarstjóri lagði fram greinargerð yfir útleigu Reykhólaskóla sumarið 2004 en búið er að panta skólann fjórar helgar og tvo virka daga.

Sveinn og Áslaug yfirláfu síðan fundinn kl. 17:35

Sveinn Ragnarsson (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

MENNINGARMÁL:

Nú komu gestir inn á fundinn, Guðmundur Ólafsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

1) 17.júní hátíðahöld 2004. Sveitarfélagið hefur ekki komið að þessum hátíðahöldum undanfarin ár, heldur hefur öll vinna, skipulagning og fjármál verið á vegum Hótel Bjarkalundar sem rekinn er af Guðmundi og Ástu. Guðmundur og Ásta sögðust gjarnan vilja hafa hátíðahöldin áfram í Bjarkalundi. Dráttarvélasýning og kaffihlaðborð myndi verða áfram á vegum Bjarkalundar, en ósk væri um það að sveitarfélagið eða aðrir aðilar kæmu að skemmtiatriðunum. Þau væru reiðubúin að aðstoða við það.

Nefndin mælir með að hreppsnefnd ráðstafi 50-100 þús. krónum til þessara hátíðahalda í ár og leiti samstarfs við félagasamtök um framkvæmdina.

2) Vestfjarðavíkingur 2004 en hugmyndir eru uppi um það að hluti keppninnar sumarið 2004 (8-10. júlí) fari fram í Reykhólasveit. Það gæti kostað einhver fjárútlát fyrir hreppinn en nefndin er hlynnt þessu.

3) Framþróun hlunnindasýningar en Jón Jónsson o.fl. frá Sögusmiðjunni voru búnir að samþykkja að leggja fram hugmyndavinnu við þetta mál. Nú er ljóst að af því getur ekki orðið fyrr en síðsumars eða í haust. Nefndin telur rétt að leita til Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur fyrrv. sveitarstjóra með frekari ráðgjöf og aðstoð.

4) Sumardagurinn fyrsta 22. apríl 2004. Haldin var menningarhátíð á Reykhólum þennan dag í fyrra og sveitarstjóri leggur til að leikurinn verði endurtekinn í ár. Eivör Pálsdóttir söngkona frá Færeyjum er reiðubúin að syngja, Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur og rithöfundur er reiðubúin að lesa úr væntanlegri bók sinni um Matthías Jochumsson og Guðmundur Björgvinsson myndlistarmaður er til í að vera með myndlistarsýningu. Búið er að sækja um styrk til Menntamálaráðuneytis vegna þessarar hátíðar. Nefndinni leist vel á þessar fyrirætlanir sem ætti að vinna í samráði við Barmahlíð og Reykhólaskóla.

5) Hugmyndir um minnismerki um Jón Thoroddsen á Reykhólum. Sveitarstjóri kynnti tillögur Finns Arnar myndlistarmanns. Nefndinni leist vel á tillögurnar.

Fundi slitið kl. 18:50

Ingvar Samúelsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)